




Frá uppsögn Kennaraskólans.

Kennaraskólanum bærust góðar gjafir við skólauppsögn

KENNAASKÓLANUM var sagt upp sl. mánudag. Skólaslitaraðu flutti Broddi Jóhannesson, skólastjóri. Úr 4. bekk útskrifuðust 46 nemendur með almennu kennaraprófi, 38 úr stúdenteild og við það bætast svo 16 handavinnukennarar kvenna og 10 piltar eða alls útskrifuðust 110 kennarar með kennararéttindi. Er þetta fleira en nokkru sinni fyrr. Einnig luku 21 kennari prófi til fyrrihluta náms, en þeir fá ekki réttindi fyrr en þeir hafa lokið námi í íþróttum eða handavinnu.

Sagði skólastjóri að þrengslu væru nú orðin mikil í skólanum og aðsóknin orðin svo mikil að líkur væru á að ekki verði komið hjá að synja mörgum um skólavist. Einkum vantar æfinga skólann, en til hans hefur verið veitt fé og verður byrjað á byggingu í sumar. Í 1. bekk skólans settust sl. haust 96 nemendur og luku 64 prófi og stóðust. Teljandi vanhöld eru ekki annars staðar í skólanum.

Mikill mannfjöldi var við skólauppsögnina, þar á meðal fyrrverandi nemendur skólans og voru Kennaraskólanum færðar góðar gjafir, meiri en nokkru sinni fyrr við skólaslit. Fyrir hönd kennara frá 1947 og 1952 afhenti Stefán Ólafur Jónsson, sandgræðsluráðunautur, skólanum stóra peningagjöf, Helgi Eliasson færði honum einnig peningagjöf frá 40 ára kennurum og Skúli Þorsteinsson fyrir hönd Landssambands barnakennara. Námu þessar peningagjafir nær 50 þús. kr., Þóroddur Guðmundsson skáld flutti kvæði og kveður frá 30 ára kennurum og Kristinn Gíslason kennari kveður frá 25 ára kennurum ásamt gjöf, sem er vandaður

fáni með merki skólans, er Stefán Jónsson, arkitekt, hefur teiknað og Gerður Hjörleifsdóttir, vefkennari mun vefa. 10 ára kennarar færðu skólanum ýmskonar tæki á ljósmyndavinnustofu og hafði Óli Guðbjartsson, kennari á Selfossi, orð fyrir þeim. Og Margrét Sigþórsdóttir handavinnukennari færði skólanum fyrir hönd 10 ára handavinnukennara forkunnar fagurt veggteppi, ofið af Ásgerði Búadóttur og var það gefið í minningu um Brynju Guðmundsdóttur.

Sr. Ingólfur Guðmundsson tilkynnti við skólauppsögnina, fyrir sína hönd og systkina og móður sinnar, Ólafar Sigurðardóttur, ekkju Guðmundar Ólafssonar fyrrum kennara á Laugarvatni, að Kennaraskólanum yrði fært bókasafn Guðmundar heitis að gjöf, en hann hefði átt 55 ára kennaraafmæli og 80 ára afmæli á þessu ári. Guðmundur átti mikið og vandað bókasafn, einkum mikið af bókum um náttúrufræði.

Stiklað á stóru, ferðafólki gefnar þýðingarmestu leiðbeiningar varðandi val gönguleiða. Hið almenna vegakort frá Shell er nú merkt bókstöfum lárétt, en tölu- stöfum lóðrétt og eru þær merkningar notaðar víða í bókinni sem lykilar, til þess að auðvelda fólki leit á kortinu.

Mörg nýmæli eru í bókinni, svo sem áður segir, og yrði of langt mál upp að telja, ef allt yrði rakið. Nefna má t.d. leiðarlýsingu eftir Gísla Guðmundsson sem nefnist Leiðir um Austurland.

Í Ferðahandbókinni er, auk þess sem á undan er talið, að finna allar hugsanlegar upplýsingar, sem koma fólki að gagna, hvort heldur sem það er að undirbúa ferðalag eða er á ferðalagi, enda er kjörorð útgefenda: Farið með svarið í ferðalagið. Ítarlegasti og stærsti kafli bókinnar ber heitið Kaupþún og kaupstaðir. Í þessari útgáfu fylgja teikningar nær hverjum kaupstað og kaupþúni, gerðar af Ragnari Lárussyni. Er það gert til þess að draga athygli ferðafólks að ýmsu því markverðu, sem hver staður hefur upp á að bjóða. Kaupþúna- og kaupstaðakaflinn er saminn í samráði við forráðamenn viðkomandi staða og er í honum að finna flestar þær upplýsingar sem ætla má að ferðafólk þurfi á að halda.

Ný pípuugerð Reykjavíkur

UM þessar mundir er verið að taka í notkun nýja pípuverksmiðju í Ártúnshöfða og er hún staðsett í gamla grjótnámi Reykjavíkurborgar norðan við malbikunarstöðina. Er verksmiðjunni ætlað að framleiða steinsteyptar pípur og holræsa-brunna. Í gær var blaðamönnum boðið að skoða hina nýju verksmiðju.

Hin nýja verksmiðja heyrir undir Gatnamálastjóra, sem er Ingi Ú. Magnússon. Sýndi hann fréttamönnum bygginguna. Byggingaframkvæmdir við verksmiðjuuna hófust í nóvember s.l.

Reistar voru tvær skemmur, sem áður voru sunnan til í öskju hlíðinni, auk þess steypt í siló fyrir efni og reist hús fyrir afgreiðslu og starfsmenn. Gólfplötur verksmiðjunnar er ca. 1000 m² auk starfsmannahúss, um 80 m² að stærð, fyrir verkstjóra, afgreiðslumann kaffistofu, böð og snyrtiklefa.

Keyptar voru pípuugerðarvélar frá fyrirtækinu Ringsted Jernstøberi & Maskinfabrik A/S (RIMAS) í Danmörku. Voru keyptar tvær vélar af gerðinni 306, sem framleiða pípur allt að 30 cm í þvermál og ein af gerðinni 1202, sem framleiðir pípur allt að 120 cm. í þvermál. Sjálf steypuvélir er 500 lítra þvingunarblandari af gerðinni Schloss er. Þá voru einnig keyptir sjálfvirkir skammtarar, sem mæla efnið eftir rúmfangi í hverja blöndu fyrir sig, steypuflutningsvagn og ýms önnur tæki. Steypu blöndunin stjórnast af rafeindaheilum, þannig að ekki þarf annað en að setja inn gataspjald, til að fá ákveðna steypublöndu. Stefnt hefur verið að því að gera alla vinnutílhögun sem fullkomna og verður áfram unnið að endurbótum, eftir að framleiðsla er hafin.

Meðalafköst véla af sömu gerð svara til þess, að önnur litla vélir framleiði um 300 stk. af 10 cm. pípum, hinn um 200 af 25 cm. pípum og stóra vélir um 120 stk. af 60 cm pípum á dag, og er þá miðað við átta stunda vinnu og tvo menn við hverja vél. Hrærivélir framleiðir um 10 m³ af steypu á klst.

Gert er ráð fyrir að um 15–20 manns muni starfa við verksmiðjuna.

Trésmiðameistari við þessar byggingar hefur verið Kristján Pétursson, múrarmeistari Svanþór Jónsson, pípulagningameistari, Benedikt Guðmundsson og rafvirki Bjarni S. Jónsson. Hörður Runólfsson sá um flutning á skemmunum. Sjálfa uppsetningu vélanna annaðist sérfræðingur frá RIMAS í Danmörku.

Verkstjóri við hina nýju pípu gerð er Sigurður E. Jónsson, sem jafnframt hefur haft eftirlit með byggingaframkvæmdunum.

Framkvæmdir við Malbikunarstöð Reykjavíkur.

Á þessu vori voru tekin í notkun tvö 50 rúmmetra siló fyrir heitt malbik hjá Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar, en sú stöð heyrir einnig undir Gatnamálastjóra.

Silóin sjálf eru smíðuð af Hamri h.f. eftir teikningum frá Via Nova í Danmörku, en sjálf malbikunarstöðin og öll tæki í sambandi við þessi siló, svo sem flutningsvagn og vagnbraut eru frá þessu fyrirtæki.

Þessi siló eru einangruð og með rafmagnshitun í botnlokum, þannig að malbik helzt heitt allt að einum sólarhring, og er þá t.d. hægt að leggja út að morgni malbik, sem framleitt var kvöldið áður, án þess að þurfa að bíða eftir fyrstu framleiðslu morgunsins. Einnig getur nýbyggingaflokkur lagt út malbik úr silónum meðan framleitt er viðgerðarefni. Þá er það einnig kostur að bílarnir fá á sig full hlass malbiks samstundis, í stað þess að þurfa að taka við framleiðslunni jafnóðum, sem þýðir 10–15 mín. bið, en malbikunarstöðin framleiðir um eitt tonn á mínútu í þurru veðri. Verður því hægt að fækka bílum við flutning á malbiki um ca. ¼.

Uppsetningu tækjanna annaðist sérfræðingur frá Via Nova en raflagnir allar Bræðurnir Ormson.

Ferðahandbókin

Ferðahandbókin, 4. útgáfa er nýkomin í bókabúðir. Bókin er aukin mjög og endurbætt og er í henni að finna fjölda nýmæla, enda er bókin sjálf 24 blaðsíðum stærri en í fyrri. Þá er til viðbótar að telja 16 síðna fylgirit, þannig að alls er staðkunn bókarrinnar 40 síður að þessu sinni. Fyrsta útgáfa bókarrinnar árið 1960 var 112 síður, en 4. útgáfa er alls 120 síðum stærri. Bókinni fylgir einnig nýtt Shell-vegakort. Gætir margra nýjunga á vegakortinu. Ferðahandbókin, fylgiritið Gönguleiðir og Shell-vegakortið eru í haganlega gerðri, tveggja hólfu plastmöppu.

Hinar öru framfarir valda því að fastaefni bókarrinnar tekur miklum breytingum frá ári til árs. Sumir kaflarnir krefjast svo mikillar endurskoðunar, að með sanni má segja að kaflaheitið eitt standi óbreytt. Sem dæmi má nefna kaflann Bifreiðaslóðir á Miðhálandinu eftir Sigurjón Rist. Sökum hinna miklu breytinga, sem átt hafa sér stað í samgöngumálum hálandisins og þeirrar reynslu sem fengist hefir í notkun þessarar lýsingar á undanförnum árum, varð Sigurjón að gjörbylta kaflanum og teikna nýtt Miðhálandskort.

Fylgiritið, sem nú er með bókinni, nefnist Gönguleiðir, og er einnig eftir Sigurjón Rist. Þar er lýst gönguleiðum í öllum landshlutum. Að sjálfsögðu er

stiklað á stóru, ferðafólki gefnar þýðingarmestu leiðbeiningar varðandi val gönguleiða. Hið almenna vegakort frá Shell er nú merkt bókstöfum lárétt, en tölu- stöfum lóðrétt og eru þær merkningar notaðar víða í bókinni sem lykilar, til þess að auðvelda fólki leit á kortinu.

Mörg nýmæli eru í bókinni, svo sem áður segir, og yrði of langt mál upp að telja, ef allt yrði rakið. Nefna má t.d. leiðarlýsingu eftir Gísla Guðmundsson sem nefnist Leiðir um Austurland.

Í Ferðahandbókinni er, auk þess sem á undan er talið, að finna allar hugsanlegar upplýsingar, sem koma fólki að gagna, hvort heldur sem það er að undirbúa ferðalag eða er á ferðalagi, enda er kjörorð útgefenda: Farið með svarið í ferðalagið. Ítarlegasti og stærsti kafli bókinnar ber heitið Kaupþún og kaupstaðir. Í þessari útgáfu fylgja teikningar nær hverjum kaupstað og kaupþúni, gerðar af Ragnari Lárussyni. Er það gert til þess að draga athygli ferðafólks að ýmsu því markverðu, sem hver staður hefur upp á að bjóða. Kaupþúna- og kaupstaðakaflinn er saminn í samráði við forráðamenn viðkomandi staða og er í honum að finna flestar þær upplýsingar sem ætla má að ferðafólk þurfi á að halda.



Slysavarnadeildin Ingólfur í Reykjavík bauð börnum þeim sem duglegust voru við sölu merkja á merkjasöluvegi félagsins í sjóferð með varðskipinu Mariu Júlíu. Var rennt

fyrir fisk hér í Flóanum, og þótt aflinn væri ekki mikill var ánægja hinna ungu sjófar enda fólksvalaus. — „Ingólfur“ færir skipstjóra og skipshöfn Mariu Júlíu og Land-

helgisgæzlunni beztu þakki fyrir skipslánið og fyrirgreiðslu alla. — Myndin er tekin um borð í varðskipinu. Ljós. Helgi Hallvarðsson